

Ársskýrsla siðanefndar heilbrigðisrannsókna Landspítala 2015

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og skv. reglugerð um siðanefndir heilbrigðisrannsókna nr. 1186/2014. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu eða í samstarfi Landspítala og háskóla í landinu. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar.

Um áramót tóku gildi ný lög um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (lög nr. 44/2014). Við það breyttist umsóknarferli og afgreiðsla. Áður þurfti að sækja sérstaklega til Persónuverndar en nú sendir nefndin umsóknirnar til Persónuverndar sem samkvæmt lögum hefur 10 daga til að gera athugasemdir en í reynd er afgreiðslutími þeirra lengri.

Alls voru haldnir 14 fundir á árinu 2015. Fjöldi erinda var sem hér segir:

Nýjar umsóknir	49
Viðbætur/breytingar	28
Fyrirspurnir	54
Samtals	131

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.

2011	2012	2013	2014	2015
64	54	56	53	49

Nýjar umsóknir voru 49. Af nýjum umsóknum voru námsverkefni 20 og 18 meistara og doktorsverkefni.

Afgreiðsla umsókna var sem hér segir:

Samþykkt án athugasemda	3
Samþykkt með athugasemdum og skilyrðum	42
Óskar frekari upplýsinga	0
Bíða umfjöllunar	1
Annað	3

Starfsemi siðanefndar lá niðri vegna verkfalla frá miðjum apríl fram í miðjan júní.

Haldið var vel sótt málþing um vísindarannsóknir á Landspítala í Eirbergi hinn 13. mars. Páll Matthíasson setti málþingið en auk formanns og forstöðmanns Siðanefndar voru frummælendur Birgir Jakobsson, landlæknir, Magnús Gottfredsson, Halla S. Arnardóttir og Þorvarður Löve.

Í lok árs vantar í nefndina, aðal- og varafulltrúa frá HÍ og varafulltrúa frá lækna ráði Landspítala. Nefndarmenn í árslok eru:

Jón G. Snædal yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn
-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sigrún Reykdal yfirlæknir, tilnefnd af lækna ráði

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði
-Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Helga Þórðardóttir lögfræðingur, tilnefnd af framkvæmdastjórn
- Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn
-Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu
-Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.

Reykjavík, 22. febrúar 2016

Jón G. Snædal, formaður

Jónína Sigurðardóttir, forstöðumaður